

EINAR HÁKONARSON

Málverkasýning að Kjarvalsstöðum

16.–25. október 1976

„Hljómur hins mennska heims“

Þegar menn líta síðar meir um öxl af sögulegum sjónarhól, kæmi mér ekki á óvart að þeir auðkenndu tíma okkar sem upphaf nýs húmanisma, nýrrar mannhelgi og umhverfisvitundar, á yztu þröm tortímingar mannsins af eigin verkum: iðnmengun, borgarþrengslum og útþurrkun einstaklingsins.

Megi nú sem áður líta á listina sem einhverja næmustu loftvog mannlegra hræringa, þá hefur þar um alllangt skeið mátt sjá vott slíks viðnáms. Hlutur mannsins og mannlegs umhverfis hefur þar æ greinilegar stigið fram, hvort heldur í ádeilu pop- og konseptlistarinnar eða á opnari hátt, í klassisku málverki. Í óhlutbundinni list hefur þetta einnig birzt, í ríkari efnisvitund, aukinni hlýju og mannlegri reisn, á kostnað mældra formgilda. Þótt við íslendingar séum fjær slíkum vandamálum en nágrannaþjóðirnar, snúa þau samt að okkur á margvíslegan hátt, og þá einkum inntak þeirra, vitundin um nauðsyn nýrrar stöðu mannsins í heimi sínum.

Í slíku tákni sé ég þessa sýningu Einars Hákonarsonar, og þeim mun fremur sem hann er frábærlega í stakk búinn til túlkunar slíks efniviðar. Hann er teiknari og myndskipunarmaður fyrst og fremst, agaður af góðum skólum og löngu starfi að svartlist, þar sem reynir ekki sízt á þá frumþætti myndgerðar sem hér er haldið til skila. Slíkt er enda langt í frá nýlunda í verki Einars, en þó merkur áfangi á langri leið, þar sem bilið milli myndkveikjunnar og endanlegs málverks sýnist hér skemmra en fyrr: Húsform í Hafnarfirði, þar sem hann býr nú, konur á götu, fólk í blokk, strokuhestur að hverfa á vit öræfa, landslagsáhrif í Skaftafelli, auðn sandanna, nokkrir hitadagar í júlí. . . Öll eiga slík nærtæk áhrif stað sinn á þessum dúkum.

Svo sem ævinlega er í listum, er efnið sjálft, myndtilgangurinn, þó einskis virði, nema í slíkum listrænum búningi, að upprunaleg lifun málarans veiti áhorfandanum hlutdeild í ævintýri nýrrar sjónreynslu. Það er einmitt á slíkum vegum sem Einar Hákonarson fer: Hann beitir aldrei beinni endursögn þess sem á hann leitar, heldur þeirri umritun áhrifanna sem við köllum list eða skáldskap. Þar skilur höfundurinn og ávallt eftir loft milli línanna, þetta andrúm sem við hin lesum úr og sem gerir okkur að þátttakendum í sköpun verksins.

Sú aðferð Einars, að kristalla ákveðin atriði með því að marka þeim sérstakan flöt eða fella önnur í einskonar glugga - og jafnvel það, að kljúfa form og missetja -, lyftir alkunnum efnum upp á svið skáldskapar.

Í nýjustu og stærstu myndinni á sýningunni safnar hann saman hópi fólks að bronsmynd skálds, í umgerð kunnuglegs landslags, og kallar hana "Hlustað á skáldið". Í myndinni ríkir hátíðleg kyrrð, eftirvæntingarfull þögn, líkt og beðið sé eftir boðskap. Er þetta einskonar þesa Íslands, þar sem skáldskapinn hefur ævinlega borið hærra en önnur mannanna verk og jafnvel hið liðna skáld hefur enn lifandi orð að segja? Hvort sem svo er, þá sýnist mér mynd þessi geta staðið sem einkunn sýningarinnar og þess skilnings, sem meistari Kjarval kallaði svo ágæta vel *hljóm hins mennska heims* og *bergmál mannfélags byggingar.*

Björn Th. Björnsson

Málverkaskrá

1. Heimsókn
2. Dögun
3. Gulur morgundagur
4. Rauð nótt
5. Sendibréf af miðhálendinu
6. Tíbrámál
7. Landkönnuður furðulanda
8. Á áttundu stund
9. Á söndunum III
10. Í himingeimnum
11. Eiríkur Briem, framkvæmdastj. Eig. Rafmagnsveitur ríkisins
12. Upplausn efnisins
13. Talað við ísinn
14. Leikmynd
15. Liðin tíð
16. Í djúpinu
17. Í landi þagnarinnar
18. Stór fjölskylda
19. Óvæntur gestur
20. Heitir júlídagar
21. Ísaland
22. Sögulok
23. Úr Rauðaskógi
24. Þú átt leik
25. Hlustað á skáldið
26. Himnaförin (altaristafla)
27. Heitir júlídagar II
28. Gráni flýr í óbyggðir
29. Spilað á munnspil
30. Síðkvöld í Hafnarfirði
31. Á ferðalagi í Kaliforníu
32. Rukkarinn
33. Útileikir
34. Stúlka fyrir framan spegil
35. Undirbúningur fyrir dansleik
36. Tvær stúlkur
37. Búið í blokk
38. Auðhumla
39. Á söndunum I
40. Götulíf
41. Hrímnótt
42. Heitir júlídagar III
43. Kennarinn
44. Gamli maðurinn og stúlkan
45. Gengið á grasinu
46. Stúlka
47. Stefnumót
48. Furðublóm
49. Á sýningu
50. Uppstilling með pensla o.fl.
51. Spjallað saman
52. Sunnudagsganga
53. Heimilislíf
54. Módel
55. Kona í bláum kjól
56. Hvíldarstund
57. Netaveiðar
58. Á söndunum II
59. Sumarleyfi
60. Vertíðarlok
61. Kynjajurtir
62. Rauðir skuggar
63. Fyrir austan fjall
64. Kona við glugga
65. Fígúra í rauðu
66. Uppstilling
67. 1. maí
68. Leikur
69. Veðrabrigði
70. Draumurinn
71. Gullmaður
72. Mótað landslag
73. Indriði G. Þorsteinsson, rith. Einkaeign
74. Heitt haustkvöld
75. Á Kyrrahafsströnd
76. Í húsi
77. Veðhlaupahundurinn Einkaeign
78. Fyrirsæta
79. Veisla
80. Úti og inni
81. Kaliforníupálmi
82. Undir álagi
83. Skissa að veggmynd, (áætluð stærð 180 × 400 cm)
84. Heimili II Einkaeign
85. Fólk í landslagi Einkaeign
86. Maður og uppstilling
87. Smáhlutir í landslagi
88. Aldin



Einar Hákonarson er fæddur 1945 í Reykjavík.
Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1960-1964 og Valands listaháskólann í Gautaborg 1964-1967. Einkasýningar í Bogasal 1968, Unuhúsi við Veghúsastíg 1969, Bogasal 1971, Byggingarþjónustu A.Í. 1975 og Kjarvalsstöðum 1976. Auk þess, þátttaka í fjölmörgum alþjóðlegum sýningum og samsýningum innanlands, og hann hefur hlotið verðlaun fyrir málverk og grafík erlendis. Einar starfar nú sem kennari við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og skrifar um myndlist í dagblaðið Vísi.